

Söfn Dalvíkurbyggðar og Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn óskar eftir starfsfólki.

Við leitum nú að einstaklingum sem hafa áhuga á því að starfa í fjölbreyttu og menningarlegu umhverfi í sumar. Um er ræða störf frá 50-100% starfshlutfalli auk helgarvinnu en starfsstöðvar eru Bókasafn Dalvíkurbyggðar, Byggðasafnið Hvoll og Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. Starfsmenn öðlast þannig innsýn í heim ferðapjónustunnar og grunnþætti safnastarfs í sveitafélaginu.

Helstu verkefni eru:

- Móttaka viðskiptavina á bókasafni, ýmis dagleg verkefni og almenn upplýsingagjöf til almennings.
- Móttaka gesta á byggðasafnið, ýmis dagleg verkefni, skráning á safnkosti og leiðsögn um sýningu.
- Upplýsingagjöf til ferðamanna um afþreyingu, þjónustu og gönguleiðir í sveitafélaginu.
- Þátttaka, utanumhald og skipulagning ýmissa viðburða á vegum safnanna.

Hæfniskröfur

- Góð tungumálaþekking í máli og riti. Sérstaklega er horft til ensku og íslensku, norðurlandamál er kostur.
- Góð tölvukunnátta, þekking á samfélagsmiðlum og færni til að tileinka sér ný forrit.
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi.
- Sveigjanleiki og vilji til að prófa nýja hluti.
- Geta unnið 1-2 helgar í mánuði. .
- Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri.
- Stúdentspróf eða önnur sambærileg menntun er kostur.
- Reynsla af safnastarfi og upplýsingagjöf er kostur.

Ofangreindar hæfniskröfur eru ekki í áhersluröð. Auk þeirra hæfniskrafna sem tilgreindar eru er leitað að lausnamiðuðum og metnaðarfullum einstaklingum.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf í lok maí og geti unnið fram til ágústloka.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um í gegnum *mín dalvíkurbyggð* og velja þar: „Söfn Dalvíkurbyggðar og Upplýsingamiðstöð“. Ásamt umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar, rökstuðningur fyrir hæfni í starfið og stutt persónuleg kynning á umsækjanda.

Laun og launakjör eru samkvæmt kjarasamning Samband íslenskra sveitafélaga og KJALAR.

Umsóknarfrestur er til mánudagsins 11. apríl

Allar frekari upplýsingar veitir Björk Hólm, forstöðumaður safna og Menningarhússins Bergs í síma 460-4931 eða á netfangið: bjork@dalvikurbyggd.is

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.